

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. febrúar 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

**um ríkisábyrgð skv. heimild í lögum nr. 112/1989,
um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar.**

1. gr.

Til tryggingar áhættu ríkissjóðs vegna sjálfskuldarábyrgðar, er hann kann að gangast undir á lán, sem loðdýrabændur taka í stað lausaskulda sem myndast hafa vegna loðdýrabúskapar þeirra á árunum 1986–1989, samtals allt að 300 m.kr., skv. lögum um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar nr. 112/1989, skal ríkissjóður taka veð í þeim verðmætum sem tiltæk eru. Skal ábyrgð ríkissjóðs við það miðuð, að skuld sú er ríkissjóður tekur ábyrgð á, að meðtöldum þeim skuldum er hvíla á fyrri veðréttum viðkomandi eigna, nemi aldrei meiru en heildarmatsverði stofnlánadeildar landbúnaðarins á viðkomandi eignum, eða því matsverði öðru sem Ríkisábyrgðasjóður miðar við.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimildum í 12. gr. laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, sbr. lög nr. 65/1988, um breyting á þeim lögum, 8. gr. laga nr. 49/1962, um Ríkisábyrgðasjóð, og með vísan til laga nr. 112/1989, um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar. Reglugerð þessi með last þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 22. febrúar 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Þórhallur Arason.